

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Dolorin 500 mg töflur

Paracetamól

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðing ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Dolorin og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Dolorin
3. Hvernig nota á Dolorin
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Dolorin
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Dolorin og við hverju það er notað

Virka efnið í Dolorin er paracetamól, sem er þekkt fyrir verkjastillandi og hitalækkandi verkun sína. Auk þess að vera verkjastillandi og hitalækkandi þá hefur það eftirfarandi eiginleika: Það hefur ekki áhrif á slímhúð magans, því geta þeir sem hafa meltingarfærtruflanir notað lyfið. Það hefur ekki áhrif á blóðstorknunarferlið þegar það er tekið í ráðlögðum meðferðarskömmum, og má því nota það samhlíða segavarnarlyfjum. Hinsvegar, hefur paracetamól, í meðferðarskömmum, enga bólgueyðandi verkun eða áhrif á gigtareinkenni öfugt við salisylöt.

Dolorin er til meðferðar við vægum til miðlungi miklum verkjum, hálsbólgu (að frátalinni eitlabólgu), og vægum til miðlungi miklum höfuðverk.

Dolorin er einnig til meðferðar við hita sem varir í 3 daga eða skemur, og sem einkennameðferð við kvefi og flensu.

2. Áður en byrjað er að nota Dolorin

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Dolorin:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir paracetamóli, eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef um er að ræða mikið skerta lifrarstarfsemi

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en Dolorin er notað.

Nota skal Dolorin með varúð við eftirfarandi aðstæður:

- sjúklingar með alvarlega vanstarfsemi í lifur eða nýrum og bráða lifrarbólgu
- sjúklingar sem nota lyf sem eru ensímvirkjar og/eða hafa áhrif á lifrarstarfsemi
- sjúklingar með sögu um áfengissýki (alkahólimsa) og þeir sem venjulega drekka 3 eða fleiri áfenga drykki á dag
- sjúklingar með blóðleysi, hjarta- eða lungnasjúkdóma (varast skal langtínameðferð í slíkum tilvikum)
- sjúklingar með langvarandi vannæringu (vegna lítils forða af glútatíóni) og með vökvaskort.

Dolorin skal ekki notað með öðrum lyfjum sem innihalda paracetamól, þ.e.a.s. lausasölulyfjum sem notuð eru við verk, flensueinkennum, hita o.s.frv.

Ekki er æskilegt að nota töflur vegna hættu á köfnun hjá börnum yngri en 12 ára. Nota á önnur hentugri lyfjaform (mixtúra og stílar) fyrir þennan aldurshóp og hjá fullorðnum sem eiga erfitt með að kyngja.

Töflur henta ekki börnum sem vega minna en 30 kg.

Vegna þess að miklir og langvinnir verkir kunna að þarfnað læknisfræðilegs mats og meðferðar þá skulu fullorðnir ekki nota þetta lyf í lengri tíma en 10 daga og börn ekki lengur en í 5 daga þegar lyfið er notað til sjálfsmeðferðar við verk, nema að læknir hafi ávísað því á annan hátt.

Þetta lyf skal ekki notað til sjálfsmeðferðar við háum hita (hiti hærri en 39°C), við hita sem varir lengur en í 3 daga, eða við þrálátum hita vegna þess að slík tilvik kunna að þarfnað læknisfræðilegs mats og meðferðar, nema að læknir hafi ávísað lyfinu.

Notkun annarra lyfja samhliða Dolorin

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Áður en þú notar Dolorin skaltu hafa samband við lækninn ef þú notar eftirfarandi lyf:

- blóðþynnandi lyf, eins of warfarín
- lyf við flogaveiki
- sýklalyf eins og rifampicín og klóramfeníkól
- lyf eins og salisylót og önnur bólgeyðandi lyf (NSAID) sem notuð eru til að meðhöndla bólgu og verk
- lyf við HIV-sýkingum, eins og AZT (zídovúdín)
- flucloxacillín (sýklalyf), vegna mikillar hættu á afbrigðileika í blóði og blóðvökva (blóðsýringu með miklum anjónamun (high anion gap metabolic acidosis)) sem krefst bráðameðferðar og getur sérstaklega komið fram ef nýrnastarfsemi er verulega skert, við sýklasótt (þegar bakteríur og eiturefni þeirra eru í blóðrásinni sem leiðir til líffæraskaða), vannæringu, langvinna drykkjusýki og ef notaðir eru hámarksdagskammtar af parasetamóli.

Ef þú notar kólestýramín (lyf til að minnka blóðfitu) skaltu láta líða að minnsta kosti 1 klst. eftir að það lyf er notað þar til þú notar Dolorin.

Notkun Dolorin með mat, drykk eða áfengi

Neysla áfengis (fleiri en 3 áfengir drykkir á dag) eykur eiturverkanir paracetamóls í lifur.

Meðganga, brjósttagjöf og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Eins og gildir um önnur lyf, þá skaltu ráðfæra þig við lækninn áður en þú notar paracetamól ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti.

Fyrirliggjandi eru faraldsfræðilegar og klíniskar niðurstöður um öryggi paracetamóls á meðgöngu.

Dolorin má nota á meðgöngu ef nauðsyn krefur. Þú skalt nota minnsta mögulega skammt sem minnkar verk og/eða hita og nota það í eins skamman tíma og hægt er. Leitaðu ráða hjá lækninum ef verkur og/eða hiti minnkar ekki eða ef þú þarf að taka lyfið oftar.

Ekki hefur komið fram nein áhætta fyrir börn á brjósti eða börn sem hafa verið á brjósti í rannsóknum á mönnum.

Akstur og notkun véla

Dolorin hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Dolorin

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækninum eða lyfjafræðingi.

Aðeins til upplýsinga, og ef læknir hefur ekki mælt fyrir með öðrum hætti, þá má gefa Dolorin á eftirfarandi hátt:

Börn yngri en 12 ára: Ekki er æskilegt að nota töflur vegna hættu á köfnun. Nota á önnur hentugri lyfjaform fyrir þennan aldurshóp (mixtúra eða stíflar).

Börn sem eru léttari en 30 kg: Ekki er æskilegt að nota töflur.

Fullorðnir, aldraðir og börn eldri en 12 ára: 1-2 töflur allt að 4 sinnum á dag á 4 til 6 klst. fresti.

Töflurnar má gleypa heilar eða uppleystar í vatni.

Ekki taka hærri skammt en 8 töflur á sólarhring (4 g).

Varúð: ekki nota meira en ráðlagðan dagskammt.

Tími milli skammta skal vera að lágmarki 4-6 klst.

Það getur þurft að minnka skammta eða lengja tímabil milli skammta hjá þeim sem hafa skerta nýrnar eða lifrarstarfsemi.

Ef notaður er stærri skammtur af Dolorin en mælt er fyrir um

Paracetamól er lyf sem getur valdið alvarlegum lifrarskaða ef það er tekið í stórum skömmum.

Því geta komið fram alvarleg tilfelli sem jafnvel geta leitt til dauða ef teknir eru óhóflega stórir skammtar af lyfinu.

Þó hafa fá tilvik um eiturverkanir í lifur verið skráð hjá fullorðnum og unglungum eftir inntöku skammta sem eru 10 g eða lægri. Líklegt er að lirfrarskemmdir komi fram hjá fullorðnum sem taka paracetamól í skömmum sem eru 10 g eða hærri. Dauðsföll eru mjög sjaldgæf (í færri en 3-4% ómeðhöndlaðra tilvika) í ofskömmunum undir 15 g. Eiturverkanir í lifur hafa ekki komið fram við bráða ofskammta lægri en 150 mg/kg hjá börnum.

Á fyrstu 24 klst. eru fyrstu sjáanlegu einkennin eftir ofskömmun á paracetamóli sem hugsanlega hefur eiturverkun í lifur: fölvi, ógleði, uppköst, lystarleysi og kviðverkir.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Meðferð:

Við ofskömmun paracetamóls er grundvallaratriði að meðferð sé veitt tafarlaust. Fara skal með sjúklinga á bráðamóttöku spítala tafarlaust jafnvel þó að ekki verði vart neinna einkenna í byrjun. Sjúklingurinn mun fá viðeigandi meðferð og stuðningsmeðferð eftir því hversu mikil eitrunin er.

Ef gleymist að nota Dolorin

Vegna þess að þörfin fyrir að nota þetta lyf er vegna verkja eða hita þá er ólíklegt að þú gleymir að taka lyfið. Ef það samt gerist þá skaltu ekki tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Ef stutt er í næsta skammt þá skaltu bíða og taka venjulega skammtinn á venjulegum tíma og halda meðferðinni áfram samkvæmt venju.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Listinn hér fyrir neðan flokkar aukaverkanir eftir tíðniflokkunum: Mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1,000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10,000$ til $< 1/1,000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10,000$), tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

Blóð og eitlar

Koma örsjaldan fyrir: Merki um blóðsjúkdóma eins og daufkyrningafæð (fækkun hvítra blóðkorna – daufkyrninga – í blóði), blóðflagnafæð (fækkun blóðflagna í blóði) og blóðfrumnafæð (fækkun á öllum blóðþáttum – hvít blóðkorn, rauð blóðkorn og blóðflögur), blæðing, blóðlysablóðleysi (blóðleysi sem orsakast af niðurbroti rauðra blóðkorna), hvítkornafæð (fækkun hvítra blóðkorna í blóði), methemóglóbíndreyri (hækkað gildi methemóglóbíns í blóði) og er tengt við langtímagjöf lyfsins í háum skömmum.

Húð og undirhúð

Mjög sjaldgæfar: Ofnæmisviðbrögð (ofsakláði, kláði: kláðatilfinning) og bjúgur. Þó svo að í einhverjum tilvika geti komið fram hiti og sár í slímhúð þá eru einkennin venjulegast roði eða ofsakláði.

Þessi ofnæmisviðbrögð koma oftar fram hjá sjúklingum með sögu um ofnæmi fyrir salicylötum. Ef þessi ofnæmisviðbrögð koma fram verður að stöðva meðferðina.

Meltingarfæri

Algengar: Ógleði, uppköst
Sjaldgæfar: Niðurgangur, kviðverkir

Nýru og þvagfæri

Tíðni ekki bekkt: Þvaglátstregða eða sársauki við þvaglát, þvagþurrð (þvagmagn minna en venjulega), leifar af blóði í þvagi.

Efnaskipti og næring

Tíðni ekki bekkt: Blóðsykurslækkun (lækkuð gildi sykurs í blóði).

Lifur og gall

Tíðni ekki bekkt: Gula (gulur litur í húðinni og augum), óeðlileg lifrarstarfsemi.

Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað

Tíðni ekki bekkt: Hiti.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Dolorin

Geymið við lægri hita en 25°C.

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Dolorin inniheldur

- Virka innihaldsefnið er paracetamól. Hver tafla inniheldur 500 mg af paracetamóli.
- Önnur innihaldsefni eru: Forhleypt sterkja, póvidon, og sterínsýra.

Lýsing á útliti Dolorin og pakkningastærðir

Dolorin 500 mg töflur eru fáanlegar sem 4, 20, 30, 100 eða 500 töflur (sjúkrahúspakkning).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi
Williams & Halls ehf
Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfjörður
Ísland

Framleiðandi
MEDINFAR MANUFACTURING, S.A.
Parque Industrial Armando Martins Tavares
Rua Outeiro da Armada, 5
Condeixa-a-Nova
3150-194 Sebal
Portugal

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í janúar 2024.